

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Garðabrautar 2 og Jaðarsbrautar 23-25, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 11. júní 2002 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi Garðabrautar 2 og Jaðarsbrautar 23-25, Akranesi.

Breytingin nær til lóðarinnar nr. 2 við Garðabraut og felst í að lóðin verði stækkuð í átt að Garðabraut og skilgreind fyrir blandaða landnotkun þ.e. verslunar- og þjónustulóð og íbúðalóð, í stað verslunar- og þjónustulóðar.

Auglýst hefur verið eftir athugasemdum skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá og með 3. apríl til og með 2. maí 2002.

Athugasemdafrestur var til 15. maí 2002.

Engar athugasemdir bárust.

Framangreint deiliskipulag, tekur þegar gildi.

*Akranesi, 15. júlí 2002.*

**Skúli Lýðsson**, byggingar- og skipulagsfulltrúi.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um almannaflyg nr. 488/1997.

#### 1. gr.

Eftirfarandi orðskýringar bætast við grein 1.0:

*Atvinnuflug* (Commercial aviation). Almenn hugtak um flugstarfsemi sem stendur almenníngi til boða gegn gjaldi.

*Flutningaflug* (Commercial air transport operation): Starfræksla loftfars sem felur í sér flutninga á farþegum, vörum eða pósti gegn endurgjaldi.

Eftirfarandi orðskýring fellur brott úr gr. 1.0:

*Atvinnuflutningar* (Commercial air transport Aviation).

#### 2. gr.

Við grein 4.4.1 d) lið bætist eftirfarandi málslíður:

Við útreikninga á massa flugvélarinnar og staðsetningu þyngdarmiðju skal farið eftir flughandbók vélarinnar og skal nota raunmassa við útreikninga.

#### 3. gr.

Eftirfarandi málslíður bætist við grein 4.8.1 eftir orðinu „fluginu“: Fyrir hvert flug skal mæla, með kvarða eða á annan jafngildan hátt, eldsneytismagn á tönkum flugvélarinnar og niðurstaðan skráð sérstaklega og kvittað fyrir.

#### 4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 137. gr. sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 26. júní 2002.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um mannflutninga í loftförum nr. 53/1976 ásamt síðari breytingum.

## 1. gr.

A-liður 1. gr. breytist svo:

*Flugrekandi* (Operator): Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfars. Flugrekandi þarf tilskilin leyfi Flugmálastjórnar Íslands til þess að stunda atvinnuflug.

## 2. gr.

4. gr. hljóðar svo:

liður 4.1.: Tóbaksreykingar eru óheimilar um borð í loftförum í atvinnuflugi. Öll salerni og önnur afmörkuð svæði sem farþegar hafa aðgang að skulu greinilega merkt með textanum „REYKINGAR BANNAÐAR“ og eða „NO SMOKING“.

Liðir 4.1.1 og 4.1.2 falla brott.

liður 4.2.: Þó skal flugrekanda heimilt að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis í atvinnuflugi á flugleiðum milli erlendra ríkja án viðkomu á Íslandi. Þess skal þó ávallt gætt að óþægindi skapist ekki fyrir þá sem ekki reykja. Reykingar má aðeins leyfa í hluta farþegarýmis, en ekki í stjórnklefa, salernum eða öðrum afmörkuðum hlutum loftfarsins.

4.2.1. Í loftförum í atvinnuflugi á flugleiðum milli erlendra ríkja án viðkomu á Íslandi skal þó óheimilt að reykja í hluta farþegarýmis í eftirfarandi tilvikum:

- a) þegar loftfarið er á jörðu niðri,
- b) í flugtaki og við landingu,
- c) við flug í ókyrru lofti þegar flugstjórinn ákveður svo,
- d) í loftförum sem hafa mestan flugtaksþunga 5700 kg eða minni ef einhverjum um borð er gefið súrefni eða notar það,
- e) í loftförum sem hafa mestan leyfilegan flugtaksþunga meiri en 5700 kg þegar súrefni er gefið farþegum í meira en 30% farþegasæta. Ef aðeins einstökum farþegum er gefið súrefni eru tóbaksreykingar bannaðar í sömu sætaröð, næstu sætaröð fyrir framan og næstu sætaröð aftan við þá farþega sem gefið er súrefni.

4.2.2. Á þeim flugleiðum sem heimilt er að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis og þar